


VKL- 601	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	
Útgáfa: 1.0		
Dags.: 25.8.2022	Verklagsregla um lagakröfur á sviði umhverfismála	Græn skref í ríkisrekstri: Skref 5
Höfundar. BV og SG		
Síða 1		Ábyrgð: Skólameistari

Tilgangur og gildissvið

Tilgangur verklagsreglunnar er að bera kennsl á viðeigandi lagakröfur sem eiga við um umhverfismál og eiga við loftslagsstefnu og umhverfisstefnu Fjölbrautaskólans við Ármúla og tryggja að þær séu uppfylltar.

Ábyrgð

Skólameistari ber ábyrgð á verklagsreglunni. Hann sér um að unnið sé eftir henni og ber ábyrgð á því að farið sé yfir þær kröfur sem Fjölbrautaskólinn við Ármúla undirgengst vegna umhverfismála og kröfurnar uppfylltar.

Framkvæmd

Það er á ábyrgð skólameistara að ákveðið sé hvaða lagakröfur eiga við og hann ber ábyrgð á að viðhalda lista yfir þær (Græn skref - lagakröfur).

Skólameistari sér til þess að yfirfara hvort breytingar hafi orðið á lagakröfunum og kanna hvort nýjar kröfur komi fram einu sinni á ári og hvar þær eru uppfylltar. Yfirferð er staðfest með því að skrá dagsetningu og nafn þess sem fer yfir kröfurnar í stuðningsskjal. (Græn skref – lagakröfur).

Skólameistari metur breytingar sem verða á lagakröfum og áhrif þeirra á lofslags- og umhverfisstefnur skólans.